

Bifreiðastjórafélagi sem annast undanþágur samkvæmt heimild í 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu það tímabil. Umsjónarnefnd getur þó ætíð óskað eftir slíku yfirliti oftar ásamt því að óska eftir upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd að bifreiðastjórafélag beiti heimildum til útgáfu á undanþágum á skjön við þær reglur sem gilda ber nefndinni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að tilkynna samgönguráðuneytinu um slíkt. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Bifreiðastjórafélagunum er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Slíkt tilkynnist jafnframt til umsjónarnefndar.

17. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir leyfishafi rétt til að fá undanþágur og launþegi fær ekki akstursheimild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem viðkomandi félag setur í samráði við umsjónarnefnd. Slíku er þó ávallt hægt að áfrýja til umsjónarnefndar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

18. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 492/1997 um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 8. nóvember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ólöf Nordal.

SAMÞYKKT

um búfjárhald á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Akranesi, koma í veg fyrir ágang á lóðir bæjarbúa og vernda gróður í landi kaupstaðarins. Samþykktin á einnig að tryggja að hús fyrir búpening, umhverfi þeirra og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Akraneskaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Öll lausaganga búfjár í landi Akraneskaupstaðar er óheimil.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarins. Í umsókninni skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjár, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og vörslu.

Telji bæjarráð að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu fyrir hendi, veitir það leyfið. Leyfið má veita í tiltekinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Leyfið er háð gildandi samþykkt um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

4. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að búfjáreigendur utan lögbýla skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Við ákvörðun gjaldsins skal bæjarstjórn hafa til hliðsjónar kostnað bæjarins vegna búfjárhaldsins svo sem vegna búfjárefirlits, vörslu lands, o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna sveitarfélagsins. Við ákvörðun gjaldsins skal leita staðfestingar landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 12. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

5. gr.

Garðyrkjustjóri skal halda skrá yfir lönd sem úthlutað er til beitar og slægna. Umsókn um land til grasnytja fyrir búfé skal koma til garðyrkjustjóra sem úthlutar leyfum, eftir umsögn umhverfisnefndar. Leyfin eru gefin út á nafn og eru óframseljanleg.

6. gr.

Enginn má halda búfé, nema hann hafi fyrir það hús sem samræmist kröfum opinberra yfirvalda. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu og fóður, svo og allri meðferð búfjárins.

7. gr.

Eigandi búfjár ber ábyrgð á að búfé valdi ekki tjóni eða óþrifum. Eigandi skal ganga þannig frá taði er frá skepnum kemur, að ekki valdi óþægindum eða óþrifum. Losun taðs er einungis leyfð á ákveðnum stöðum og undir eftirliti garðyrkjustjóra.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur ákvæði í samþykkt þessari má afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áður veittri viðvörðun.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu sem búfjárefirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds á Akranesi. Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

9. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í bænum, á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarráð samþykkir slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

10. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd í eigu bæjarins til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, m.a. með árlegri áburðargjöf. Um beitolönd í eigu bæjarins skulu gilda sérstakar reglur og skal garðyrkjustjóri kynna búfjáreigendum þær og sjá til þess að þeim sé fylgt.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 13. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

12. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Akraneskaupstað nr. 473/1984.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

**um kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit
með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.**

1. gr.

Kæra ákvörðunar.

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir sem eru beinir aðilar máls geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um réttindi sín og skyldur til sérstakrar kærunefndar. Kæra getur lotið að málsmeðferð eða efni hinnar kærðu ákvörðunar.

Úrskurðir kærunefndar eru endanlegir á stjórnarsýslustigi og verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

2. gr.

Kærunefnd.

Kærunefnd Fjármálaeftirlitsins er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Í kærunefnd sitja þrír menn, og jafnmargir til vara. Þeir skulu allir tilnefndir af Hæstarétti. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla hæfisiskilyrði hæstaréttardómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði fjármagnsmarkaðar. Nefndarmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af málskotsgjaldi skv. 3. gr. Sé kostnaður hærri en sem nemur tekjum af gjaldinu greiðist mismunur úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.